

**438. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,  
Tálknafirði, fimmtudaginn 19. janúar 2012 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Ása Jónsdóttir (ÁJ), Marion Gisela Worthman (MGW),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir, ritari.

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki.

Oddviti lýsti fundi lögmætan.

Oddviti tilkynnti um bréf frá Kvenfélaginu Hörpu sem í tilefni 50 ára afmælis síns býður hreppsnefnd til kaffisamsætis í Dunhaga laugardaginn 28.janúar kl. 16:00. Oddviti þakkar gott boð f.h. hreppsnefndar og hvetur nefndarmenn til að mæta.

Gengið til boðaðrar dagskrár :

**Dagskrá:**

**1. 1201006 - Þriggja ára fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2013-2015**

Síðari umræða. Engar tillögur um breytingar bárust á milli funda og er því fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árin 2013-2015 borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

**2. 1201004 - Sjávarútvegsráðuneytið - Úthlutun byggðakvóta fiskvársins 2011/2012 182 þorskígildistonn.**

Oddviti (EIS) lýsti yfir vanhæfi og bað varaoddvita (BB) að taka við stjórn fundarins, einnig lýsti Bjarnveig (BG) yfir vanhæfi sínu og véku þær báðar af fundi. Inn koma Guðni Ólafsson og Marion G. Worthman. BB lagði fram eftirfarandi tillögu: Við undirrituð leggjum til að ekki verði settar sérreglur um úthlutun byggðakvóta í Tálknafjarðarhreppi, heldur verði farið eftir reglugerð Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins nr. 1182 dags. 21.des.2011. Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

_____	_____
_____	_____